

Nettengd Biblía fyrir börn kynnir

Fyrstu páskarnir



Höfundur: Edward Hughes

Myndskreytingar: Janie Forest

Aðlagð af: Lyn Doerksen

Þýðandi: Práinn Kristjánsson

Framleiðandi: Bible for Children
www.M1914.org


©2007 Bible for Children, Inc.


Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta þessa sögu,
en ekki selja.



Það var hávaðasamt
á hæðinni þar sem
María stóð á lengdar,
og horfði döprum
augum á það sem
var að gerast.

Þessum hræðilega
atburði, þar sem
verið var að
krossfesta
son hennar
Jesú, mundi
hún aldrei
gleyma.





Hvernig gerðist þetta allt saman? Hvernig mátti það vera að hið undursamlega líf Jesú gæti endað á svo hræðilegan hátt? Hvernig gat Guð leyft að sonur hans yrði negldur á kross til að deyja þar? Hafði Jesús rangt fyrir sér varðandi það hver hann var? Hafði Guð brugðist?






Nei! Guð hafði ekki brugðist. Jesú hafði ekki orðið á nein mistök. Jesús vissi alltaf að hann yrði tekinn af lífi af illa innrættum mönnum. Meira að segja þegar Jesús var lítið barn hafði gamall maður, Símon að nafni, sagt Maríu að sorg væri framundan.




Nokkrum
dögum áður
en Jesús var
krossfestur
kom kona nokkur
og heldi ilmandi
smyrslum á fætur
hans. "Hún er að sóa
peningum," kvörtuðu
lærisveinarnir.
"Hún hefur gert
góðverk," sagði Jesús.
"Hún var að búa mig til
greftrunar." Einkennilega
til orða tekið!



Eftir að þetta gerðist
gerði Júdas, einn af
lærisveinunum tólf,
samkomulag við æðstu
prestana um að svíkja
Jesú fyrir 30
silfurpeninga.






Þegar páskahátíð Gyðinga
fór í hönd, hélt Jesús
síðustu kvöldmáltíðina með
lærisveinum sínum. Hann sagði
þeim margt yndislegt um Guð
og frá loforðum hans til þeirra
er elska hann. Síðan tók hann
brauð og bikar og rétti þeim
til að skipta með sér.

Þetta var til að
minna þá á, að
líkami og blóð
Jesú var gefið til
fyrirgefningar
syndanna.



Þá sagði Jesús vinum sínum að hann yrði svikinn og að þeir myndu yfirgefa hann. "Ekki mun ég yfirgefa þig," fullyrti Pétur. "Áður en haninn galar, munt þú afneita mér þrisvar," sagði Jesús.






Seinna um kvöldið fór Jesús til að biðjast fyrir í Getsemane garðinum. Lærisveinarnir, sem voru með honum, féllu í svefn á meðan. "Ó faðir minn," bað Jesús, "...tak þennan bikar frá mér. Samt ekki eins og ég vil, heldur eins og þú vilt."



Skyndilega kom flokkur manna inn í garðinn með Júdas í forustu. Jesús veitti ekki mótspyrnu en Pétur hjó eyra af manni. Jesús snart eyra mannsins og læknaði hann fullkomlega. Jesús vissi að handtaka hans var samkvæmt vilja Guðs.




Þeir tóku Jesú og fóru með hann heim til æðsta prestsins. Þar sögðu yfirmennirnir að taka ætti Jesú af lífi. Skammt frá stóð Pétur hjá eldinum og horfði á.



Þrisvar sinnum einblíndi fólkið á Pétur og sagði,
"Þú varst með Jesú!" og þrisvar afneitaði hann,
nákvæmlega eins og
Jesús sagði að hann
mundi gera. Pétur,
meira að segja,
bölvaði og
ragnaði.




Samstundis galaði hani



Samstundis galaði hani. Það var sem Pétur heyrði rödd Guðs. Þá minntist Pétur orða Jesú, og grét sáran.





Júdas var hryggur. Hann vissi að Jesús var hvorki sekur um að drýgja nokkra synd né glæp." Júdas skilaði aftur silfurpeningunum þrjátíu, en prestarnir neituðu að taka við þeim.





Júdas fleygði peningunum
niður, fór út og hengdi
sig.







Prestarnir færðu Jesú fram fyrir Pílatus, rómverska ríkisstjórnann. Pílatus sagði, "Ég finn enga sök hjá þessum manni." En múgurinn hélt áfram að hrópa, "Krossfestið hann! Krossfestið hann!"




Loks gafst Pílatus upp og kvað upp dóm að Jesús yrði krossfestur. Hermennirnir misþyrmdu Jesú, hræktu í andlit hans, og húðstrýktu hann. Þeir fléttuðu kórónu úr löngum, skörpum þyrnum og þrýstu henni niður á höfuð hans. Síðan negldu þeir hann á viðarkross til að deyja.



Jesús vissi alltaf að hann mundi deyja þannig. Hann vissi líka að dauði hans mundi færa syndurum, sem á hann trúa, fyrirgefningu. Tveir afbrotamenn voru

krossfestir við hlið Jesú. Annar þeirra trúði á Jesú og fór með honum til himnaríkis, en hinn ekki.



Eftir að hafa þjáðst tímum saman, sagði Jesús, "Það er fullkomnað," og dó. Starf hans var fullkomnað.

Vinir hans jörðuðu hann í einkagrafreit.



Rómverskir hermenn
innsigliðu síðan
grafhýsið og gættu
þess. Engum var nú
kleyft að fara inn
eða út.



Hversu sorglegt það væri,
ef þetta væri endir
sögunnar. En Guð gerði
dásamlegt kraftaverk
og dauði Jesú
varaði ekki lengi.




Snemma morguns, á fyrsta degi vikunnar þegar nokkrir af lærisveinum Jesú komu að gröfinni, hafði steininum verið velt frá grafhýsinu. Er þeir litu inn sáu þeir að Jesús var þar ekki lengur.



Kona ein stóð grátandi úti fyrir grafhýsinu. Jesús birtist henni! Hún flýtti sér, full af gleði, til að segja lærisveinunum frá. "Jesús er lifandi! Jesús er risinn upp frá dauðum!"



Skömmu síðar birtist Jesús lærisveinunum og sýndi þeim naglaförin á höndum sínum. Það var satt. JESÚS VAR LIFANDI Á NÝ! Hann fyrirgaf Pétri fyrir að hafa afneitað sér og sagði lærisveinunum að segja öllum frá því sem gerðist. Síðan fór hann aftur til himna, þaðan sem hann hafði komið á fyrstu jólnunum forðum.



Fyrstu páskarnir

Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,

er að finna í

Matteusi 26-28; Lúkasi 22-24;
Jóhannesi 13-21

“Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau.”
Sálmarnir 119:130



Endir



Þessi biblíusaga er um okkar dýrlega Guð, sem skapaði okkur,
og sem vill að þú þekkir hann.

Guð veit að við höfum öll gert rangt, sem hann kallar synd. Hegning syndarinnar er dauði, en Guð elskar þig svo mikið, að hann sendi sinn eina son, Jesú, til að deyja á krossi í hegningarskini fyrir syndir þínar. Svo vaknaði Jesús aftur til lífs, og fór heim til himnaríkis. Ef þú trúir á Jesú, og biður hann að fyrirgefa þér syndir þínar, þá fyrirgefur hann þér tafarlaust, og kemur til að lifa í þér, og þú með honum til eilíðar.

Ef þú trúir þessu, segðu þá eftirfarandi til Guðs:
Kæri Jesús, ég trúi að þú sért Guð, sem komst í líki manns til að deyja fyrir syndir mínar, og komst svo aftur til lífs. Ég bið þig að koma nú inní líf mitt og fyrirgefa mér syndir mínar, svo ég geti byrjað nýtt líf, og komið svo til að vera með þér í himnaríki. Hjálpaðu mér að hlýðnast þér, og lifa fyrir þig sem barn Guðs. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á hverjum degi!

